

Söлuskálinn Landvegamótum hf.
Lyngási 2
851 Hella

Reykjavík 18. júlí 2018
UST201806-259/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir ferðaþjónustu í Landmannalaugum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Söлuskálans Landvegamótum hf., dagsett 21. júní 2018, um leyfi fyrir rekstri ferðaþjónustu í Landmannalaugum tímabilið júlí til og með september 2018.

Landmannalaugar eru innan friðlands að Fjallabaki sem er friðlýst sbr. auglýsing nr. 354/1979. Umferð vélknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum innan friðlandsins. Akstur utan vega er óheimill skv. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir gistaðstöðu í Landmannalaugum í tveimur sérútbúnnum bílum með svefnaðstöðu, eldunaraðstöðu og salernum. Áætlað er að bílarnir verði kyrrstæðir allan starfstímann og að gas og rafstöð verði notuð við kyndingu og rafmagn. Sótt er um leyfi fyrir því að bílarnir séu staðsettir á bílastæði við bragga í Landmannalaugum. Rafstöðin sem nota á er 10 kW díselvél sem staðsett verður í tengivagni. Eru salerni bæði í tengivagni og í herbergjum bílanna. Skólp og affall eldhúsvaska fellur í tanka sem tæma á með haugsugum. Sorp verður flutt til byggða.

Einnig er sótt um leyfi til að starfrækja ferðir á svokölluðum buggy bílum um friðlandið. Um er að ræða tú búla sem ráðgert er að hafa innan við garð við hestagerði í Landmannalaugum. Sex starfsmenn munu koma að starfseminni.

Áhrifamat:

Varðandi gistaðstöðu:

Rekstur gistaðstöðu á bílastæðum í Landmannalaugum innan friðlandsins að Fjallabaki felur í sér skv. umsækjanda, tvö kyrrstæð sérútbún ökutæki með eldunar- og salernisaðstöðu auk tengivagns sem inniheldur m.a. 10kW ljósavél. Bílastæðin í Landmannalaugum eru nú þegar fullnýtt af gestum svæðisins sem sumir hverjir nýta til þess að gista í ökutækjum sínum. Rekstur eins og honum er lýst af umsækjanda er rýmisfrekur á svæði sem nú þegar er fullnýtt mestan hluta sumars. Staðsetning 10kW rafstöðvar innan um aðra gesti svæðisins og í næsta nágrenni tjaldsvæðisins er til þess fallin að valda truflun og óþægindum að mati Umhverfisstofnunar og muni skerða upplifun gesta af svæðinu. Auk þess mun reksturinn fela í sér flutning á eldsneyti inn á friðlandið.

Varðandi buggy bíla:

Akstur vélknúinna skemmtitækja innan friðlands að Fjallabaki í þeim tilgangi að aka um vegi friðlandsins í stað þess að aka til og frá friðlandinu, er til þess fallinn að auka enn á álag sem skipulagðar ferðir valda á innviðum friðlandsins. Vegir innan friðlands að Fjallabaki eru ekki byggðir með það að markmiði að bera þann umferðarþunga sem nú þegar fer um svæðið. Umhverfisstofnun telur ástand þeirra vera bágborið, viðhald og umsjón lítil á sama tíma og umferð hefur aukist verulega og bera vegirnir vart lengur þá umferð sem um þá fer. Vegir eru víða þróngir, fá útskot og djúpar rákir í vegstæðum. Slæmt ástand vega hefur beinlínis leitt til utanvegaaksturs með tilheyrandi rofi og neikvæðri ásýnd. Friðland að Fjallabaki tilheyrir hálendinu og er lagt upp með að gestir fái notið kyrrðar við upplifun sína innan þess. Akstur skemmtitækja um afskekkta vegi friðlandsins er ekki til þess fallinn að auka öræfaupplifun gesta af svæðinu. Umhverfisstofnun metur að umferð svokallaðra buggy bíla um friðlandið raski friði gesta svæðisins og hafi neikvæði áhrif á upplifun þeirra.

Niðurstaða:

Friðland að Fjallabaki er á rauðum lista Umhverfisstofnunar um svæði sem eiga á hættu að tapa verndargildi sínu eða hafað tapað því að hluta til en þar eru Landmannalaugar viðkvæmasta svæðið. Eru helstu veikleikar og ógnir svæðisins m.a. mikill ágangur ferðamanna, fjölgun mannvirkja og lítið viðhald og slæmt ástand vega.

Í deiliskipulagi Landmannalauga, sem samþykkt var í sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 5. apríl 2017 og auglýst í Stjórnartíðindum þann 1. mars 2018, er megináhersla að lögð á að minnka álag á svæðið undir Laugahrauni með því að fára stærstan hluta gistingar og þjónustu norður fyrir Námshraun. Tilgangur með gerð deiliskipulags í Landmannalaugasvæðisins er að skapa aðstæður sem draga úr á lagi af völdum ferðamanna en að sama skapi bæta þjónustu við ferðamenn á svæðinu.

Unnið er að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland að Fjallabaki skv. 81. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þar verða m.a. settar fram reglur og stefna um starfsemi á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að starfsemi gistiaðstöðu í trukkum samræmist illa verndun svæðisins og hlutverki þess og muni skerða upplifun gesta af svæðinu. Einnig er aukning á gistiaðstöðu undir Laugahrauni í andstöðu við gildandi deiliskipulag. Starfsemi gistiaðstöðu í bílum sem sótt er um leyfi fyrir fellur ekki undir leyfisskyldu Umhverfisstofnunar sé litid til ákvæða auglýsingar um friðlysingu friðlandsins nr. 354/1979 og náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem henni fylgir ekki framkvæmdir eða jarðrask, enda forsendur umsóknar að bílarnir séu á bílastæði við braggana.


Umhverfisstofnun metur að umferð svokallaðra buggy bíla um friðlandið raski friði gesta svæðisins og hefur neikvæði áhrif á upplifun þeirra. Varðandi þann hluta umsóknar þar sem sótt er um leyfi til að aka á buggy bílum inn Jökulgil bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er bannað að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Einnig er tekið fram í friðlysingarskilmálum svæðisins að umferð vélknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu. Samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er heimilt ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvíkmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Starfsemi og akstur buggy bíla innan friðlands að Fjallabaki fellur ekki undir undanþáguheimild Umhverfisstofnunar um utanvega akstur.

Í ljósi ofangreinds synjar Umhverfisstofnun umsókn um akstur buggy bíla utan vega innan friðlands að Fjallabaki.

Gjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir og utanvega akstur er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
Teymisstjóri

